

Þórarinn Bjarnason
Þykkvabæ 1
880 Kirkjubæjarklaustur

2005030091
8509; 9310

Reykjavík, 21. mars 2005
/--

Efni: Árkvíslar og tímabundin rennslisstýring í Eldhraun, Skaftárhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Þórarins Bjarnasonar, Þykkvabæ I o.fl dags. 17. mars 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um framkvæmd vegna rennslisstýringar við Árkvíslar í Eldhraun, Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits hjá Skaftárhreppi, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnun, Vegagerð ríkisins og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með tölvupósti dags. 21. mars 2005, Landgræðslu ríkisins með tölvupósti dags. 19. mars 2005, Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 21. mars 2005, Vegagerðinni með tölvupósti dags. 18. mars 2005 og veiðimálastjóra með tölvupósti dags. 18. mars 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða aðgerðir sem lúta að rennslisstýringu við útfall Árkvísla úr Skaftá og stjórnun vatnsveitingar í Eldhraun. Við útfall Árkvísla eru þrjú rör og felast fyrirhugaðar aðgerðir í því að opnað verði á nýjan leik tímabundið eða fram til 20. júní 2005, fyrir rennsli um þriðja rörið en eftir 13. nóvember 2004, þegar fjögurra ára tilraunátíma um vatnsstýringu við útfall Árkvísla lauk, var sú staða á rennsli að tvö af þremur rörum, sem rennslinu stjórna, voru opin.

Fram kemur í ofangreindri tilkynningu að með þeirri stjórnun sem hafi verið á tilraunátímanum, þ.e. milli maí árið 2000 til 13. nóvember 2004, hafi vatnsstaða og rennsli Grenlækjar og Eldvatns aldrei farið niður fyrir þau mörk að lífríki lækjanna væri stefnt í hættu. Ennfremur hafi neysluvatn og vatn til raforkuframleiðslu heimarafstöðva verið nægjanlegt. Í dag sé rennsli Grenlækjar og

Eldvatns hins vegar orðið mjög lítið og gæti stefnt í það ástand sem skapast hafi vorið 1998, þegar uppsprettur hafi þorrið og veigamestu uppeldisstöðvar sjóbirtings í lækjunum þornað upp. Fram kemur að almennt virðist vatnsstaða í Landbroti og Meðallandi vera orðin mjög lág núna svo sem við heimarafstöðvar og vatnsból. Í ljósi þessa neyðarástands sé farið fram á að þriðja rörið verði opnað sem allra fyrst, a.m.k. tímabundið, fram að þeim tíma sem venja hafi verið að loka á tilraunatímanum. Þannig verði þess freistað að ná þeirri vatnsstöðu og rennsli sem verið hafi undanfarin 4 ár. Fram kemur að lögð sé áhersla á að þeir framkvæmdaraðilar sem komið hafi að stýringu á vatni við útfall Árkvísla, hagi málum á þann veg að neyðarástand skapist ekki, líkt og vorið 1998, þegar rennsli hafi einungis verið um tvö rör.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Skaftárhrepps, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og veiðimálastjóra kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Skaftárhrepps kemur fram að sveitarstjórn Skaftárhrepps sé tilbúin að taka að sér að hafa eftirlit með og tryggja lokustýringar á mannvirkjum við útfall Árkvísla á komandi vori en Skaftárhreppur sé hér eftir ekki tilbúinn til að skilgreinast sem formlegur framkvæmdaraðili vatnaveitinga í Eldhrauni, eins og hreppurinn hafi verið við rennslisstýringar við útfall Árkvísla á tilraunatímabilinu milli ára 2000-2004.

Í umsögn veiðimálastjóra er vísað til 42. og 43. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði með síðari breytingum og fallist á að umrædd aukning í rennsli verði í gildi fram til 20. júní 2005.

Í umsögn Landgræslu ríkisins kemur fram að við stýringu á vatni úr Skaftá út á Eldhraun beri fyrst og fremst að koma í veg fyrir, með öllum tiltækum ráðum, að jökulvatni sé veitt út á Eldhraun. Eyðilegging gróðurs og náttúru í Eldhrauni með áveitum úr Skaftá að sumarlagi sé með öllu óviðunandi. Landgræðslan fallist á að þriðja rörið við áveitu úr Skaftá í Árkvíslar verði opnað en stofnunin leggi áherslu á að Vegagerðin verði fengin til að annast það verk og að tryggt sé að óskað verði eftir því við Vegagerðina að loka rörinu eigi síðar en 20. júní n.k.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að það mat stofnunarinnar að ekki sé um matsskylda framkvæmd að ræða eigi aðeins við þar sem þriðja rörið verði ekki opið lengur en til 20. júní 2005 og ekki séu fyrirhugaðar aðrar framkvæmdir samfara opnun þess. Umhverfisstofnun byggir þessa skoðun sína á því að hér sé um vetrarvatn að ræða og því líttl aurframburður í ánni. Umhverfisstofnun vill benda á að nauðsynlegt sé að skoða framangreindar aðgerðir í ljósi þess árferðis sem nú er en jafnframt áskilur stofnunin sér rétt til að endurmeta afstöðu sína til vatnsveitinga inn á Eldhraun þegar frekari gögn liggja fyrir í málinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða rennslisstýringaraðgerðir við útfall Árkvísla í Skaftárhreppi sem felast í því að opnað verður á ný fyrir þriðja rörið við útfallið, sem er um 2 m svert, til að auka rennsli tímabundið en lokað verður á ný fyrir rennsli 20. júní 2005. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat

á umhverfisáhrifum.

Fjögurra ára tilraunatímabil vatnsveitu og rennislisstýringaraðgerða hófst í nóvember 2000 með því að opnað var fyrir þriðja rörið við útfall Árkvísla úr Skaftá og lauk þessu tímabili í nóvember 2004. Á tímabilinu var sá háttur hafður á að opnað var fyrir rennsli um rörið 20. október ár hvert og lokað fyrir rennsli um það 20. júní.

Í bréfi Skipulagsstofnunar til sveitarstjóra Skaftárhrepps dags.1. október 2004 kom fram að frekari stjórnun í Eldhraun við útfall Árkvísla, þ.e. veita og stýring umfram tvö opin rör, eftir 13. nóvember 2004 sé tilkynningarskyld framkvæmd samkvæmt 6. gr. og lið 10 d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000.

Í ljósi þess að um er að ræða skamman tíma sem fyrirhugað er að auka rennsli við útfall Árkvísla úr Skaftá og um er að ræða veitu vetrarvatns úr ánni og aurframburðarmagn hennar því lítið telur Skipulagsstofnun ólíklegt að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á Eldhraun og gróðurlendi þess verði veruleg. Stofnunin telur að í samræmi við stjórnun rennslis Árkvísla undanfarin 4 ár sé eðlilegt að Skaftárhreppur verði tímabundið ábyrgur fyrir stýringu rennslis um þriðja rörið og að Vegagerðin verði fengin til þess að opna fyrir rennslið og loka rennsli um rörið aftur 20. júní 2005. Með tilvísun til ofangreinds bréfs Skipulagsstofnunar til Skaftárhrepps ítrekar stofnunin það álit sitt að veita og stýring umfram tvö opin rör eftir þessa tímabundnu framkvæmd sem nú er tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu er tilkynningarskyld framkvæmd samkvæmt 6. gr. og lið 10 d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tímabundin rennislisstýring við útfall Árkvísla í Eldhraun fram til 20. júní 2005, Skaftárhreppi sé ekki líkleg til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. apríl 2005.

Stefán Thors

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Skaftárhreppur, Landgræðsla ríkisins, Umhverfisstofnun, Vegagerð ríkisins, Helgi Jóhannesson og veiðimálastjóri.

